



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur
3. febrúar 2011
5. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



FJÖLSKYLD
UTILBOD!
FJÖLSKYLDUTILBOD!

FJÓRIR
HAMBORGARAR

2L
COKE

STÓR
SKAMMTUR
FRANSKAR

TVÆR
KOKTEILSÓSUR

3490. kr



HAMRABORG
Hamraborg ehf. · Hafnarstræti 7 · Sími 456 3166

Krotað og spilað



„Ég ætla að teikna og mála alla ævi,“ segir Jelena Una Jóhannsson, sem stofnaði á dögunum Krotklúbb Ísafjarðar til þess að miðla yfirgripsmikilli þekkingu sinni á myndlist. Hún og maður hennar, Jóhann Friðgeir Jóhannsson, segja hér frá listsköpuninni á heimilinu, teiknimyndaprinsessum, framtíðardraumum og undirleik við humarsúpu.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Rekstur Edinborgarhússins í járnum

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka þátt í uppgjöri skulda Edinborgarhússins ehf., eftir drögum að samkomulagi sem fyrir liggur á milli eiganda hússins, viðskiptabanka þess Landsbankans og Íslandsbanka, ríkissjóðs og Ísafjarðarbæjar. Edinborgarhúsið hefur glímt við skuldavanda síðustu misseri, vegna lána sem tekin voru til að fullklára húsið. Að því er fram kemur á Skutulsvefnum hafa lánin stórhækkað á síðustu tveimur árum og lent í vanskilum.

„Alþingi samþykkti á fjárlögum þessa árs að leggja húsinu til 12,9 milljónir af fjárveitingum menntamálaráðuneytisins. Bankarnir hafa gefið vilyrði um eftirgjöf af hluta af skuldum. Og loks er gert ráð fyrir að Ísafjarðarbær leggi til fjármagn í sömu hlutföllum og samningur ríkis og bæjar gerði ráð fyrir við byggingu hússins, þar sem ríkið lagði fram 60%



Edinborgarhúsið.

og bærinn 40%. Hluttur bæjarins á móti framlagi ríkisins yrði þá 8,6 milljónir króna,“ segir á skutull.is.

Bæjarstjórn samþykkti að heimila bæjarstjóra að vinna að samkomulagi á þessum forsendum, en fram kom að það yrði

gert eftir að eigendur hússins, Edinborgarhúsið ehf., legði fram ársreikning og rekstraráætlun fyrir húsið. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011.

Á Skutli er þess getið að framlag Ísafjarðarbæjar til húss-

ins fólst meðal annars í því að greiða 70 milljónir á 10 árum til Edinborgarhússins ehf., samkvæmt samkomulagi frá árinu 2007. „Greiðslurnar eru vísitölubundnar og verða á þessu ári 10,6 milljónir króna, samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins sem nýlega var samþykkt. Sjö ár eru eftir af

samkomulaginu. Í umræðum í bæjarstjórn var rætt um það að eigendur Edinborgarhússins ehf. opnuðu félagið fyrir nýjum aðilum og reyndu þannig að fá fleiri til að styðja við rekstur hússins og taka þannig þátt í því mikilvæga starfi sem þar fer fram.“

– thelma@bb.is

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Háls-, nef- og eyrnalæknir á Ísafirði

Sigurður Júlíusson, háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 10.-12. febrúar.

Tímappantanir eru í síma 450 4500 á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

Málum fækkar hjá Héraðsdómi

Héraðsdómur Vestfjarða tók fyrir 268 mál á síðasta ári sem er nokkuð færri mál en árið 2009 þegar þau voru 327. Þetta er í samræmi við þróunina hjá öðrum dómstólum í landinu þar sem dómsmálum hefur einnig fækkað. Þá eru einnig miklar sveiflur í fjölda mála á milli ára, til að mynda voru dómsmálin 833 árið 2003 sem er rúmlega þrefalt fleiri mál en tekin voru fyrir á síðasta ári.

Einkamálum fækkaði mikið milli árunna 2009-2010 en í fyrra voru 118 einkamál tekin fyrir sem er helmingi færri mál en árið 2009. Sakamálum fjölgar hins vegar mikið og voru 60 talsins árið 2010 en 21 árið 2009. Þetta er þó ekki mikill fjöldi sakamála þegar horft er lengra aftur í tímann; árið 2003 voru málin t.d. 308 og því um óvenjulega fá mál að ræða árið 2009.

Gjaldprotamálum hefur fjölgað milli ára. Á síðasta ári voru 48



Saka- og gjaldprotamálum fjölgaði milli ára í fyrra fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

gjaldprotabeidnir teknar fyrir samanborið við 32 beiðnir árið 2009. Gjaldprotaurskurðir voru

25 talsins þar af 19 vegna fyrirtækja og sex vegna einstaklinga. Þetta er umtalsverð fjölgun mið-

að við árið 2009 þegar úrskurðað var í 14 gjaldprotamálum.

– kte@bb.is

Stefnir í frekari fjölgun

„Það er töluverð aukning í forbókunum fyrir sumarið 2012 þannig þetta hefur farið mjög vel af stað,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri hjá Ísafjarðarbæ. „Nú þegar hafa 17 skip bókað komu sína sem er fjórum skipum meira en á sama tíma í fyrra.“ Í sumar hafa 35 skip boðað komu sína en síðasta sumar lögðu 28 skip leið sína til Ísafjarðar og því ljóst að um umtalsverða fjölgun skipaferða er að ræða milli ára.

Forbókanir fyrir sumarið 2012 gefa væntingar um að aukningin muni halda áfram. Tekjur af skemmtiferðaskipum eru farnar að skipta höfnina miklu máli, en á síðasta ári töldu þær um þriðjung af heildartekjum hafnarinnar. Þá er ótalinn sá ávinningur sem ferðapjónusta og verslun njóta vegna heimsóknna skipaferga á svæðið.

Menn verða að skapa sér verkefni

Örn Smári Gíslason, framkvæmdastjóri Rafskauts ehf., á Ísafirði, segir fyrirtækið ekki stefna á að flytja starfsemi sína í Norðurtangahúsið sem Rafskaut festi nýlega kaup á. „Til að byrja með stendur það allavega ekki til. Við erum nú í viðræðum Listasmiðjuna um áframhaldandi starf þess félagsskapar á einni

hæð hússins. Fánasmiðjan verður á jarðhæð og þá ein hæð laus. Við höfum átt viðræður við nokkra áhugasama aðila um starfsemi þar, en það er ekkert í hendi sem hægt er að tala um,“ segir Örn Smári. Verkefnastaðan hefur verið nokkuð góð hjá Rafskauti síðastliðið ár að sögn Arnar Smára.

„Síðasta ár vorum við með tvö nokkuð stór verkefni, annars vegar í tengslum við Óshlíðargöngin og hins vegar við félagsheimilið í Bolungarvík. Ekki það að maður hafi riðið feittum hesti frá þessum verkum en þeim fylgdi mikil vinna og í ástandi eins og ríkir í dag er maður ánægður þegar verkin koma út á sléttu. Þessa

stundina höfum við líka nóg að gera og útlitið til skamms tíma er ágætt. Ef það myndast einthvert gat þá snúum við okkur einfaldlega að því að gera Norðurtangahúsið klárt, en það var nú annars eitt af markmiðunum með kaupunum að skapa sér verkefni,“ segir Örn Smári.

Grétar Örn Eiríksson var ný-

lega ráðinn framkvæmdastjóri Fánasmiðjunnar og hann og Örn Smári munu fara austur á Þórs höfn og kynna sér reksturinn. „Grétar verður þar í mánuði við silkiprentsnám. Sjálfur fer ég svo um miðjan næsta mánuði í sömu erindagjörðum og svo komum við aftur fulllærðir prentarar seint í febrúar,“ segir Örn Smári.

Opinn fundur með nýjum stjórnendum Landsbankans

Á fundinum munu stjórnendur Landsbankans kynna nýja stefnu bankans og framtíðarsýn, breytingar sem orðið hafa og aðgerðaáætlun næstu mánaða. Við viljum hlusta eftir skoðunum og viðbrögðum ykkar, eigenda bankans, til að efla bankann enn frekar.

Framkvæmdastjórn bankans mun sitja fyrir svörum í opnum umræðum. Við hvetjum ykkur til að koma og eiga opinská samskipti við okkur.



Laugardagurinn 5. febrúar kl. 13
Edinborgarsalnum – Ísafirði

Fundarstjóri: Kristján G. Jóhannsson
Allir velkomnir!

Hægt er að skrá sig á opinn fund á **landsbankinn.is**.
Við vonumst til að sjá sem flesta.





Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á fundi með Flateyringum í síðustu viku.

„Stöndum vörð um byggð á Vestfjörðum“

„Eftir fund með bæjarstjórninni og stutta viðkomu í Orkubúinu, eyddum við eftirmiðdeginum á Flateyri og áttum þar góðan fund með íbúum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra um heimsókn sína og Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til Vestfjarða í síðustu viku. „Við ræddum stöðuna og komum þeim skilaboðum áleiðis að ríkisstjórnin vill leggja sitt af mörkum og vinna með heimamönnum að lausn fyrir byggðarlagið. Það er mikilvægt að Flateyringar viti að þeir eru ekki einir og gleymdir, heldur verður unnið í sameiningu að lausnum,“ segir Steingrímur.

„Farið var yfir hvað hafi verið gert og hvað sé framundan. Annars vegar bráðaaðgerðir til að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp eftir gjaldþrot fiskvinnslunnar. Hér er mikilvægast að vinnslan komist aftur í gagnið og vonir okkar standa til þess að 300 tonna byggðakvóti muni hjálpa til við að gera það að veruleika. Það mál er nú á hendi bæjarstjórnarinnar og vonandi ber hún gæfu til að finna farsæla lausn á því. Hins vegar var rætt um hvað megi gera til lengri tíma til að styrkja stöðir atvinnulífsins, ekki einungis á Flateyri heldur á Vestfjörðum í heild. Þá koma upp álitamál á borð við flutnings- og orkukostnað en ríkisstjórnin mun taka þessi atriði fyrir á næstu misserum,“ segir Steingrímur og bætir við: „Annars var merkilegt við þennan fund að hann fór fram á þremur tungumálum enda blómstrar fjölmennin hér

vestra.“

Eftir fund með íbúum Flateyrar lá leið ráðherranna að dvalarheimilinu Sólborg sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fyrirhugar að loka í ár. „Það er náttúrulega mjög óheppilegt að loka eigi heimilinu á sama tíma og frystihúsinu er lokað. Bæjarstjóri og fulltrúar úr bæjarráði voru með okkur í heimsókninni og saman ræddum við hvort hægt væri að afstýra þessu. Ákvörðunin liggur aðallega hjá stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar og vonandi endurskoðar hún afstöðu sína.“ Spurður hvort til greina komi að ríkið hlaupa undir bagga með Sólborg segir Steingrímur að ekkert slíkt sé í hendi. „Það kom ekki til umræðu enda ekki á mínu forræði. Ég mun hins vegar ræða við velferðarráðherra um málið en vonandi verður það leyst hér í héraði,“ segir Steingrímur.

„Mikilvægast er Vestfirðingar viti að ríkisstjórnin mun standa vörð um byggðina hér. Hér eru falin gríðarleg verðmæti, bæði í náttúrunni og samfélaginu, sem og í fasteignum og þeim innviðum sem byggðir hafa verið upp í gegnum árin. Því miður er atvinnuástandið víðar viðkvæmt, til að mynda á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysið er nú mest. En ríkisstjórnin hefur ákveðið að á þessum svæðum verði uppbygging samkvæmt sóknaráætlun sveitarfélaganna flýtt til styrkingar atvinnulífinu,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

– kte@bb.is

Ársæll nýr hótellstjóri

Ársæll Níelsson tók við starfi hótellstjóra Fisherman Hótel Suðureyri 1. febrúar síðastliðinn. Ársæll er menntaður leikari og hefur verið áberandi í leiklistarlífinu á Vestfjörðum síðastliðin ár. Hann hefur áður fengist við hótél- og veitingarekstur og stofnaði og rak til að mynda hið vinsæla kaffi- og veitingahús Kaffi Sæla á Tálknafirði. Ársæll er búsettur á Tálknafirði ásamt eiginkonu sinni Auði Birnu Guðnadóttur og eiga þau tvö syni.

Á vefsíðu hótelsins segir að eigendur Fisherman, þau Elías Guðmundsson og Jóhanna Þorvarðardóttir, muni vera honum innan handar með daglegan rekstur ásamt því að sína öðrum verkefnum innan fyrirtækisins. Fisherman ehf. rekur söluskálann við Skipagötu, þriggja stjörnu hótél við Aðalgötu og veitingahúsið Talisman.

Umferðarlaga- brotum fjölgar

Bæði umferðar- og hegningarlaga brotum fjölgaði í desember milli ára í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum. Í síðasta mánuði voru 24 umferðarlaga brot skráð í umdæminu en þau voru 19 í desember árið áður og 13 árið þar áður. Fimmtán hegningarlaga brot komu inn á borð lögreglunnar en þau voru 10 talsins í sama mánuði síðustu tvö ár.

Eitt fíkniefnabrot kom til kasta lögreglunnar í mánuðinum sem er sami fjöldi og í fyrra en árið 2008 voru þrjú slík brot skráð í desember. Þetta kemur fram í mánaðarlegri skýrslu ríkislögreglustjóra um afbrotatölfræði.

– kte@bb.is

Flutningskostnaður ógnar iðnframleiðslu

„Frá því síðla árs 2008 eða frá bankahruninu hefur orðið 15% til 55% hækkun á flutningskostnaði á afurðum TH frá Ísafirði til Reykjavíkur,“ segir Steinþór B. Kristjánsson, framkvæmdastjóri og eigandi TH á Ísafirði. „Hækkunin er mismunandi eftir magni í hverjum flutningi og erfitt að segja nákvæmlega til um meðalhækkunina, en hún er veruleg. Þá eru komin inn í flutningskostnaðinn fastir kostnaðarliðir sem gera smærri sendingar mun dýrari en áður,“ segir Steinþór

sem segir samkeppnishæfni verksmiðju TH á Ísafirði orðna mjög erfiða fyrir vikið.

„Innréttingageirinn hefur átt í vök að verjast frá hruni eins og önnur byggingastarfsemi. Við erum einnig með rekstur á Akranesi og ef fram fer sem horfir um boðaðar gjaldskrárhækkanir þá er verksmiðjan á Ísafirði dæmd úr leik hvað varðar verkefni á höfuðborgarsvæðinu. Það munar milljónum á flutningskostnaði á Akranesi og Ísafirði á ársgrundvelli. Húsasmiðjan sem er okkar

stærsti birgir, á heiður skilið fyrir að bjóða sama verð um allt land og hjálpar mikið til við að gera TH samkeppnishæft á vestfirskum innréttingamarkaði,“ segir Steinþór og bætir við: „Það er mjög erfitt að eiga við þetta því engin leið er að yfirfæra kostnaðar- og skattahækkanir á kúnnann.“

Steinþór segist ekki vongóður um að ríkisvaldið grípi til aðgerða til að bæta samkeppnishæfni landsbyggðarinnar. „Fyrir það fyrsta þá er þetta ástand tilkomið

að stórum hluta vegna skatta- og gjaldskrárhækkana ríkisstjórnarinnar. Þegar þessir ráðherrar sátu í stjórnarandstöðu var mikið talað um aðgerðir og inngrip til lækkunar á flutningskostnaði og leiðréttingar á samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Núna þegar þeir eru sestir í ríkisstjórn hefur þessi umræða algerlega lognast út af og allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru á þveröfuga vegu og því er maður ekki bjartsýnn á framhaldið,“ segir Steinþór.

„Við þetta bætist að þegar ég hóf þennan rekstur var húsaleigan hér allt að þrefalt lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Nú hefur þetta líka breyst og lítill sem enginn munur á leiguverði lengur. Kostum við að reka fyrirtæki hér hefur því fækkað hratt að undanförunu en þeir sem reka fyrirtæki í samkeppni hafa til lengdar ekki svigrúm til þess að taka á sig kostnað umfram samkeppnisaðilana,“ segir Steinþór Bjarni Kristjánsson.

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar **3. - 6. febrúar**



~~1.459~~

890 kr/kg

Svinakótilettur

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



~~1.498~~

989 kr/kg

Svinahnakki

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

Svínaskankar Kjúklingahakk



40%
afsláttur

239 kr/kg

verð áður 398 kr/kg



45%
afsláttur

469 kr/kg

verð áður 853 kr/kg



~~2.198~~

1.429 kr/kg

Svínalundir

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



~~549~~

439 kr/kg

Kindabjúgu

frá Kjötseli

...sjá **Baka**...sjá uppskriftir á samkaupurval.is urval.is

**Svínaskankar
með rósmaríni
og hvítvíni**



**Indverskar
kjúklingabollar**

"Kaccha Kheema Kofta"



295 kr/stk

Indverskar kryddsósar frá Sharwood's, 420 g



~~1.039~~

935 kr/kg

Lambasaltkjöt 1. fl

blandað, frá Kjötseli



Góð kaup!

~~399~~

319 kr/pk

Fryst ferskt grænmeti

600g, austurlensk blanda frá Coop



50%
afsláttur

~~849~~

425 kr/kg

Rauð vínber

fersk!

...einstök þjónusta í góðum verslunum
samkaupurval.is

Flestir fluttu til útlanda

Árið 2010 fluttu 265 fleiri frá Vestfjörðum til þeirra samkvæmt nýjum tölum um búferlaflutninga. Samtals fluttu 674 einstaklingar frá Vestfjörðum á síðasta ári á meðan 409 fluttu til Vestfjarða. Þetta er töluvert meiri brottflutningur en verið hefur á undanförunum árum en árið 2009 voru brottfluttir umfram aðflutta 75 talsins, 2008 voru þeir aðeins tveir og árið 2007 voru þeir 171. Síðastliðin áratug var hlutfallið mest árið 2004 þegar 186 fleiri einstaklingar fluttu frá Vestfjörðum umfram aðflutta og því sker síðastliðið ár sig nokkuð úr hvað þetta varðar.

Eftirtekt vekur hve hátt hlutfall brottfluttra Vestfirðinga fer erlendis en samtals fluttu 209 einstaklingar frá Vestfjörðum til útlanda en þetta samsvarar því að



Ísafjörður.

nær þriðjungur allra brottflutta hafi farið erlendis á síðasta ári. Samtals fluttu 106 einstaklingar erlendis frá til Vestfjarða á sama tímabili. Framan af síðasta áratugi fluttu að jafnaði nokkuð fleiri frá útlöndum til Vestfjarða en öfugt, en þetta snérist við á síðasta ári þegar fjöldi brottfluttra

umfram aðflutta frá útlöndum var 45 einstaklingar.

Þegar nánar er skoðað hvert brottfluttir Vestfirðingar fara kemur í ljós að flestir flytja á Höfuðborgarsvæðið eða 296 einstaklingar og næst flestir fara erlendis eða 209. Samtals fluttu 169 Vestfirðingar sig á lands-

byggðina í öðrum landsfjórðungum; flestir á Suðurland eða 47, á Norðurland fluttu 43 Vestfirðingar og 40 á Suðurnes.

Þeir sem fluttu á Vestfirði á síðasta ári komu flestir frá Höfuðborgarsvæðinu eða 178 einstaklingar og næst flestir koma frá útlöndum eða 106 einstakl-

ingar. Aðfluttir Vestfirðingar frá landsbyggðinni í öðrum fjórðungum voru 125 talsins. Eins og áður sagði voru aðfluttir Vestfirðingar á síðasta ári 409 talsins en síðastliðin áratug hafa aldrei jafn fáið flutt til Vestfjarða eins og í fyrra.

– kte@bb.is

Spurningin

Hvaða þingmaður NV-kjördæmis hefur staðið sig best?

Alls svöruðu 1036.

Ásbjörn sögðu 28 eða 3%

Ásmundur sögðu 78 eða 8%

Einar Kristinn sögðu 263 eða 25%

Guðbjartur sögðu 80 eða 8%

Guðmundur sögðu 27 eða 3%

Gunnar B. sögðu 18 eða 2%

Jón Bjarnason sögðu 60 eða 6%

Lilja Rafney sögðu 24 eða 2%

Ólína sögðu 458 eða 43%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Útlit fyrir breytilega eða norðlæga vindátt með ofankomu á víð og dreif. Fremur kalt í veðri.

Horfur á laugardag:

Útlit fyrir breytilega eða norðlæga vindátt með ofankomu á víð og dreif. Fremur kalt í veðri.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir breytilega eða norðlæga vindátt með ofankomu á víð og dreif. Fremur kalt í veðri.

Ný bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar

Ný bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar hefur verið gefin út. Meðal helstu nýjunga í samþykktinni má nefna ákvæði um íbúakosningar, en 25% kosningabærra manna geta krafist atkvæðagreiðslu um ákvörðun bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er jafnframt heimilt að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álítur vera

mjög þýðingar-mikil fyrir bæjarfélagið með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu. Til að atkvæðagreiðsla geti talist bindandi verður þátttaka þó ávallt að vera yfir 50% kosningabærra íbúa.

Einnig er nú að finna í samþykktinni ákvæði um hverfisráð sem verða vettvangur íbúa til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.

Bæjarstjórn setur samþykktir fyrir hverfisráð á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Holtahverfi, Eyrinni í Skutulsfirði og í Hnífsdal. Þá er heimild til rafrænnar boðunar bæjarstjórnarfunda og hægt er að halda þá með síma- eða fjarfundarbúnaði ef veður og færð hamla eðlilegum samgöngum. Reglum um ráðningarfærli starfs-

manna var breytt og margar smávægilegar breytingar voru gerðar til að fella bæjarmálasamþykkt að breyttum sveitarstjórnarlögum.

Samþykktin hefur nú þegar öðlast þegar gildi og jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar frá árinu 2001.

Ritstjórnargrein

Hagsmunagæslusamtök fólksins

Hvar sem bjallan glymur er hljómurinn á einn veg: opnara samfélag, baktjaldamakkið burt; almenningur sem ber hita og þunga dagsins vill vita hvað höfðingjarnir hafast að og hvað umsvifin kosta. Spilin upp á borðið, takk! Orð eru sögð til alls fyrst; hrökkva þó skammt ef eftirfylgnina vantar. Sama gildir um hið ritaða mál. Rýmið í skrifborðsskúffum kerfisins er ótakmarkað. Bákníð blífur, sem aldrei fyrr.

Bæjarins besta litur á það sem skyldu sína að miðla upplýsingum til lesenda, einkum og sér í lagi um hagsmunamál Vestfirðinga. Almenningur vill fylgjast með því sem er á döfinni hverju sinni. Til að svo geti orðið þarf blaðið að eiga greiðan aðgang að þeim stofnunum sem hafa með málin að gera. Segjast verður eins og er að upplýsingaleiðin mætti vera greiðfærari.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfjarða eru hagsmunagæslusamtök okkar Vestfirðinga. Samnefnarar hvort á sínu sviði. Varðandi umsvif hins fyrr nefnda virðist ríkja óþarflega mikil dulúð. Þegar eftir er leitað eru mál á þeirra snærum sögð viðkvæm, trúnaðar verði að gæta og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Fjórðungssambandið er búið að slíta barnsskónum. Lengst af hefur ríkt eining innan þess þótt stundum hafi dregið í loftið og jafnvel nefnt að leggja ætti það niður. Ekki vantar að á þingum þess hafa margar og gagnlegar ályktanir litið dagsins ljós, þar á meðal áskoranir til stjórn-

valda um margvísleg hagsmunamál fjórðungsins. Lítið dæmi: Á þingi sambandsins 2002 var krafist tafarlausrar rannsóknar á því hvað hafi farið úrskaiðis í fiskveiðistjórnuninni, hvort niðurstöður fiskifræðinga um ástand fiskistofna hafi verið rangar, þingið taldi verndun fiskistofna hafa algerlega brugðist. Og klykkt var út með því að „íbúapróun á Vestfjörðum (hefði) verið í beinu sambandi við þróunina í sjávarútvegi.“ Lítið hefur frést af viðbrögðum stjórnvalda við þessari skeleggu samþykkt í rúman áratug. Á þeim tíma hafa líka mörg mál borið á góma, verkefni sem hefðu getað skipt gætu miklu fyrir vöxt og viðgang vestfirskra byggða. Fögur blóm sem fölnuðu skjótt.

Málið er: Það nægir ekki að stjórnvöldum sé skrifað bréf. Það verður að hamra járníð, vera stöðugt að vera í eldlínunni, minna á sig endalaust. Það eru margir um hituna. Það er slegist um hver bita. Í þeim leik er enginn annars bróðir. Og, fólkið sem verið er að berjast fyrir vill fá fréttir. Hvernig reiðir hagsmunamálum þeirra af? Það sættir sig ekki endalaust við sama svarið hjá hershöfðingjum sínum: tíðindalaust á suður-vígstöðvunum. Upplýsingar um stöðu mála sem unnið er að í þágu almennings geta vart verið nein ríkisleyndarmál. Í lokin saklaus spurning: Hver er herkostnaðurinn við að halda batteríunum úti.

s.h.


Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS B

Drýggjum launin Verslum í Bónus Drýggjum launin Verslum í Bónus



100% UNGNAUTA HAMBORGARAR
2 x 120g MEÐ SÖSU OG BRAUÐI
498 KR.



ÍSLANDSLAMB FROSINN
HÁLFUR LAMBSKROKKUR
798 KR.KG.



EUROSHOPPER FROSNAK
KJÚKLINGABRINGUR 1 KG.
1498 KR.



FJÓLA WC PAPPÍR
9 rúllur 240 blöð 100 kr lækkun
Verð nú 698 kr.
4000 PK. Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.



FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
60% NAUT & 40% GRÍS



BARILLA SPAGHETTI 1 KG

SPAGHETTI BOLOGNESE
Það er **auðvelt** að matreiða Ítalskt Spaghetti Bolognese; sjá nánar á bonus.is/uppskriftir



KJARNAFÆÐI: FROSID 100%
NAUTAHAKK 620g RÚLLAN
FROSID NAUTAHAKK



KJARNAFÆÐI: FERSKT
KJÖTFARS 620g RÚLLAN
NYTT KJÖTFARS



SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur Merkt verð 1648 kr./kg.
1236 KR.KG



KELLOGGS RISA CORNFLAKES KASSI 1 KG.
598 KR. 1 KG.



BÓNUS BRAUÐ 1 KG.



MOUNTAIN DEW 500ml

EGILS ORKA 500ml



Gillette



179 KR. 2 Ltr.



FROSIN JARÐARBER 1.2 kg.
498 KR.PK.



FROSINIR MANGÓBITAR 1 kg.
498 KR.PK.



FROSINIR ANANASBITAR 1 kg.
498 KR.PK.



FROSIN BLÁBER 250g.
198 KR.PK.

BONUS BÝÐUR BETUR



Mikið fjör á Sólarkaffinu

Mikið fjör var á Sólarkaffi Ís-firðingafélagsins í Reykjavík sem haldið var á Hótel Nordica á föstudagskvöld. „Þetta heppnaðist alveg stórkostlega. Reyndar voru færri en oft áður þar sem ekki var flogið frá Ísafirði, svo þeir sem ætluðu að koma að vestan komust ekki, og svo hefur það nú kannski líka sett strík í reikninginn að það var handboltaleikur um kvöldið,“ segir Áróra Gústafsdóttir, formaður Ís-firðingafélagsins. Veislustjórar kvöldsins voru tónlistarmaðurinn Skúli mennski og leik- og söngkonan Þórunn Arna Kristjáns-

dóttir og brugðu þau á leik og sungu nokkur lög. Ræðumaður kvöldsins var Sigrún Grímsdóttir (Sirra Gríms) og segir Áróra hana hafa farið á kostum og verið sprenglægilega.

Að venju var boðið upp á pönnukökur með rjóma og aðrar veitingar auk þess sem happdrættið var á sínum stað. „Þeir á Nordica voru reyndar að leika sér eitthvað með pönnukökurnar í ár, sem sagt hvernig þær voru framreiddar, og það gæti hafa farið fyrir brjóstið á einhverjum en við tókum þá bara á smá námskeið til að kippa því í laginn,“

segir Áróra kímín. Hún bætir við að happdrættið hafi verið afar veglegt í ár. „Við fengum svo mikið af skemmtilegum vinningum að vestan, til dæmis frá Gamla bakaríinu, Magga Hauks í Tjörúhúsinu og Vesturferðum. Vinningarnir eru þannig að það þarf að fara vestur til að njóta þeirra.“

Að lokinni dagskrá var síðan dansleikur með hljómsveitinni Grjót og félögum. „Við vorum með flotta skemmtikrafta að vestan og þurftum ekki að leita langt yfir skammt að finna þá,“ segir Áróra. Meðfylgjandi myndir tók Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir.





dk Sjómannalaun - hagkvæm og góð lausn fyrir íslenskan sjávarútveg!

dk Sjómannalaun innihalda:

- Áhafnarskráningu í veiðiferðum
- Kauptryggingu
- Uppgjör aflaverðmætis og veiðiferða
- Einfaldar uppflettingar
- Ítarlegar skýrslur
- Rafræn skil til opinberra aðila
- Rafræn skil launaseðla til bankastofnanna
- Rafrænar greiðslur launa
- Beina bókun í fjárhag og fl.



dk Sjómannalaun eru hagkvæmur og þægilegur kostur þar sem allar skráningar veiðiferða eru gerðar bæði einfaldar og þægilegar.

Hægt er að halda sérstaklega utan um uppgjör hvers skips fyrir sig og fylgjast þannig ítarlega með launakostnaði.

dk hugbúnaður ehf
Hlíðasmára 17
Kópavogi
S: 510 5800
www.dk.is



Fulltrúar Ísafjarðarbæjar voru einnig á fundinum. F.v. Daníel Jakobsson, bærarstjóri, Arna Lára Jónsdóttir og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir bærarfulltrúar.

„Ætla að standa með okkur“

„Eina loforðið sem við höfum fengið er menn ætla að standa með okkur,“ segir Daníel Jakobsson bærarstjóri Ísafjarðarbæjar um fund sem hann og fulltrúar í bæjarráði áttu með fjármála- og sjávarútvegsráðherra í síðustu viku. „Við ræddum mjög almennt um vandann og ýmsar aðgerðir til að mæta honum. Annars vegar aðgerðir til skamms tíma sem miðast við að bregðast við því ástandi sem skapast hefur á Flateyri eftir gjaldþrot fiskvinnslunnar. Þar voru menn sammála um að hlúa þyrfti að stoðkerfinu á meðan fólk er án atvinnu og gæta að því að hlutir á borð við ráðgjöf og endurmenntun standi fólki til boða. Þá var farið yfir hvað þarf til þess að koma vinnslunni aftur af stað eins og vonir okkar standa til,“ segir Daníel.

„Þá horfðum við einnig lengra fram veginn og ræddum aðgerðir til að bregðast við vandanum til lengri tíma. Okkur var tjáð að ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja Vestfirði og Suðurnesin í forgang hvað varðar aðgerðir í byggðamálum. Þetta tengist svokallaðri sóknaráætlun fyrir svæðin, en hér er sú vinna mjög langt á veg komin,“ segir Daníel.

Aðspurður hvort einhverjar af þessum aðgerðum komi til framkvæmda fljótlega segir Daníel ekkert vera í hendi. „Persónulega finnst mér aðgerða vera þörf núna strax og á meðan verið er að vinna þessa sóknaráætlun þarf að gera eitthvað til þess að efla trú fólks á svæðinu. Það er hægt að fjölga fólki á Háskólasetrinu og það er hægt að fjölga starfsfólki á innheimtustofnuninni á



Guðmundur Björgvinsson, formaður Íbúasamtaka Flateyrar ræðir við fjármálaráðherra.

Flateyri strax í dag. Þá er hægt að grípa til ívilnana til þess að leiðrétt samkeppnisstöðu fyrirtækja hér gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Það gengur ekki lengur

að menn fórn höndum þegar orku- og flutningskostnaður er ræddur og segi að þetta sé of gamall og flókinn vandi. Á endanum snýst þetta um að menn

viðurkenni að samkeppnisstaðan er ekki í lagi og grípi til aðgerða strax,“ segir Daníel Jakobsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar.

– kte@bb.is

Hegninga- og fíkniefnabrotum fjölgar

Alls kom 671 brotamál upp hjá Lögreglunni á Vestfjörðum á síðasta ári sem er lítil fjölgun frá árinu 2009 þegar málin voru 642. Brotamálin síðustu tvö ár in eru þó mun færri en árið 2008 þegar þau voru 1.123 talsins. Önnundur Jónsson, yfirlög- regluþjónn á Ísafirði, segir fækkunina frá árinu 2008 eiga sér skýringar. „Það þarf ekki að fara í grafgötur með það að frumkvæðisvinna að hálfu lögreglunnar hefur dregist saman eins og kom fram í skýrslu Ríkis-

lögrelustjóra eftir áramótin. Sú sparnaðarkrafa sem ríkisvaldið hefur lagt á embættin hefur gert það að verkum að það er samdráttur á öllum sviðum. Við höfum til að mynda þurft að draga verulega úr eftirlitsferðum lögreglubílanna. Þá höfum við haft sérstakt eftirlit á ákveðnum dögum en því hefur verið sleppt í sparnaðarskyni. Þetta er því afleiðing af því ástandi sem ríkir nú í dag,“ segir Önnundur.

„Við sjáum í þessum tölur að kærur til lögreglunnar hefur

ekki fækkað á sama tíma, en venjulega falla þau mál undir hegningarlagabrot. Slíkar kærur byggja að jafnaði ekki á frumkvæðisvinnu lögreglunnar heldur berast þær frá íbúum svæðisins. En auðvitað eru sveiflur í þessum málum milli ára og í litlu samfélagi eins og hér er þá þarf ekki nema einn órósegg til þessa lyfta kúrfunni nokkuð upp,“ segir Önnundur.

Hegningarlagabrotin voru 202 á síðasta ári sem er nokkuð meira en árið 2009 þegar þau voru 161.

Árið 2008 voru þau 238 talsins. Umferðalagabrotum fækkar lítillega en þau voru 450 árið 2010 en 468 árið 2009. Síðastliðin tvö ár hefur mest fækkun verið í umferðalagabrotum en árið 2008 voru 849 sem er nærri því tvöfalt fleiri brot en næstu tvö ár á eftir. Fíkniefnamálum fjölgaði einnig í fyrra miðað við árið á undan en þau voru 19 talsins 2010 og 13 árið 2009. Árið 2008 voru fíkniefnabrotin hins vegar 36 talsins sem er meira samanlögð brot síðustu tveggja ára.

„Síðasta ár var þó mjög gott hér hjá Lögreglunni á Vestfjörðum að öðru leyti en því að mikil vinna hefur farið í að draga saman. Maður er ekkert alltof ánægður með að þurfa að standa í þessu því að mínu mati var lögreglan á mjög góðu róli áður en til þessa niðurskurðar kom. Starfið gekk mjög vel og héldum vel í við hlutina en því miður komum við ekki alltaf sinnt því sem við vildum vera að sinna,“ segir Önnundur.

– kte@bb.is

Electrolux 5 ára ábyrgð

Eikar plastparket

1.190 kr/m²

EGGER

Eik 3ja stafa
6mm Plastparket
frá Egger Austurríki,
fæst líka í Hnotu
146956

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Pvottavél
EWF 106410W
1000 sn, 6kg
85x60x60 cm.
1805650

**Fylgir
öllum
pvotta-
vélum**

MILT
FYRIR LITADAN PVOTT



1 kg þvottavél
60 litrar

64.900,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

LÆGRA VERÐ

Í ÖLLUM HELSTU VÖRUFLOKKUM



Sturtuhaus
Temrit / Kim
8016007

990,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



Innimálning hvít
10 ltr, gljástig 10
7119961

4.995,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

**Ryksuga
PowerPlus.**
Ryksugar bæði ryk
og vatn.
1200W, 20 ltr.
5247007

7.849,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



1.990,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Útiljós
Marika
6000770



2.999

Olía
10W-40,
5 ltr
5023101

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



**BÍLA-
VÖRUR
Í MIKLU
ÚRVALI**

Gufustraujárn
1600W
1840861

2.490,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR*



**Látum
verkin tala!**

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
KYNNTU ÞÉR LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMÍÐJUNNAR.

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmíðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmíðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



HÚSASMÍÐJAN

Hjónin Jóhann Friðgeir Jóhannsson og Jelena Una Jóhannsson fluttust til Ísafjarðar síðastliðið vor. Fyrir Jóa var það endurkoma á æskuslóðir, en fyrir Jelenu annað skref á þeirri ferð sem leiddi hana frá bænum Kraljevo í Serbíu og til Íslands fyrir níu árum síðan. Hjúin eru afar listfeng og hafa bæði lokið námi frá Listaháskóla Íslands – Jelena í myndlist en Jóhann í tónlist og nýmiðlum. Þau segja hér frá nýjstu verkefnum sínum, Krotklúbbi Ísafjarðar sem Jelena hefur nýverið stofnað, draumum sínum um framtíða listasamfélag á Vestfjörðum og tónverki fyrir humarsúpu, svo eitthvað sé nefnt.

Sjö ára tískuteiknari

Jóhann er fæddur og uppalinn Ísfirðingur, sem flutti suður um 2003 en „gat ekki verið lengur í burtu“, eins og hann segir sjálfur og snéri því aftur í vor. Hann er verslunarstjóri Eymundsson á Ísafirði, en hafði áður starfað innan sama fyrirtækis í Reykjavík. Jelena, sem eins og áður segir er fædd í Serbíu, er myndlistarkona og hefur haft brennandi áhuga á list og listsköpun frá unga aldri, enda fyllist hún eldmóði þegar talið berst að listinni.

„Ég byrjaði að teikna þegar ég var sjö ára. Mamma mín var þá að sauma föt á okkur, mig og bræður mína, og mig langaði að teikna föt sem hún gæti saumað á mig. Svo ég fór að gera tísuteikningar í skissubókina mína,“ segir hún og brosir.

„Frá sjö til fjórtán ára var ég í þessu. Þegar ég var fjórtán ára var ég orðin góð í tískuteikningum og ákvað að verða fatahönnuður. Í Serbíu er hægt að fara í sérstakan hönnunarmenntaskóla. Það er alltaf inntökupróf í þannig skóla, svo kennararnir sjái hvort þú hafir hæfileika eða ekki. Til að undirbúa mig fyrir prófið fór ég í tíma til listamanns í svona einn, tvo mánuði,“ útskýrir Jelena.

„Hann var alveg frábær listamaður, klassískur málari og teiknari, og ég lærði að teikna og mála hjá honum. Þegar ég sagði honum að ég ætlaði að verða fatahönnuður sagði hann við mig, „Þú ert allt of góð til að verða fatahönnuður! Þú verður að verða myndlistarmaður og málari! Og ég sagði – veistu, mér finnst það ofboðslega gaman, kannski ennþá skemmtilegra en að hanna föt. Svo ég fór á myndlistarbraut í þessum skóla og var þar í tvö ár,“ segir hún frá.

Feimni snillingurinn

Eftir tveggja ára nám í Serbíu fluttist Jelena til Íslands, þar sem mamma hennar hafði þá búið í tvö ár. „Það var orðið allt of erfitt fyrir mig að vera þarna al-ein, svo ég ákvað að koma til mömmu minnar,“ segir Jelena og

brosir. Móðir hennar er menntuð hjúkrunarfræðingur frá Serbíu, en starfar sem sjúkraliði í Reykjavík. Í dag hafa bræður Jelenu og faðir hennar sömuleiðis flust til Íslands, svo fjölskyldan er nú öll samankomin hér á landi – þó Jelena sé sú eina sem hafi búsetu á Ísafirði.

Eftir flutninginn til Íslands hóf Jelena nám í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og hélt áfram göngunni um listabrautina. „Ég var alveg heltekin af list á þessum tíma!“ segir hún og hlær við. „Í Fjölbrautaskólanum var svona klassískari nálgun en ég var vön, þar var kennd módelteikning og við gerðum kyrralífsm myndir og slíkt. Þegar ég kom í þann skóla virtust allir halda að ég væri einhver snillingur. Fólkhélt kannski að ég væri eitthvað skríttin eða snobbuð, en ég var bara svo feimin! Ég vildi bara vera með og alls ekki vera áberandi, sérstaklega ekki svona í menntaskóla,“ segir hún og brosir að minningunni.

Kennari Jelenu í menntaskóla hvatti hana til að halda áfram í myndlistarnámi og fara helst út fyrir landssteinana. „Ég hafði ekki efni á því og átti ekki rétt á neinum lánum. Þar fyrir utan ólst ég upp í Júgóslavíu á tíunda áratugnum – í mínum huga kom það ekki til greina að fara að taka námslán upp á einhverjar milljónir króna til að fara að læra að teikna og mála!“ segir Jelena.

Öðruvísi áherslur

Jelena hóf því nám á myndlistarbraut Listaháskóla Íslands, en segir eftir á að hyggja að námið hafi ekki hentað henni. Hún hefur sérstakan áhuga á málningu og teikningu, þeim klassísku miðlum, en er ekki jafn heilluð af nýmiðlum eins og myndbandsverkum og gjörningum, sem henni fannst deildin leggja of mikla áherslu á.

„Ég vissi að það yrði ekki mikið um teikningu, en ég var að vona að það yrði eitthvað – þó það væri ekki nema módelteikning. Á fyrsta ári var ekkert. Á öðru ári var ég að vona að það yrði betra, en það var ekkert þá heldur. Þá átti ég hins vegar þarna eitt ár eftir svo ég ákvað bara að klára námið – það var líka draumur mömmu minnar að ég fengi háskólagráðu,“ segir hún og brosir.

Jelenu þykir miður að klassísk listmálun og teikning virðist ekki mikils metnar greinar nú til dags. „Vídeóverk og gjörningar eru líka frábær og fólk getur virkilega tjáð sig í gegnum þá miðla, en ég vil vera í hinu. Það er eins og sumt fólk hafi ákveðið að sex þúsund ár hefð fyrir teikningu og málningu sé bara lokið, að hún sé búin, vegna einhvern nýrrar liststefnu. Mér finnst það mjög niðurdrepandi að heyra – ég ætla að teikna og mála alla

ævi og ég er viss um að það er enn til fullt af fólki sem hrífst mjög af fallegum málverkum,“ segir Jelena.

Ævintýraheimar verða til

Einn af hvötum þess að Jelena stofnaði nú nýverið Krotklúbb Ísafjarðar var löngun hennar til að tengja saman einstaklinga sem hafa unun og yndi af því að teikna og mála. Hana langar sömuleiðis að deila með sér af þeirri menntun og reynslu sum hún býr sjálf að eftir áralangt listnám.

„Þessi hugmynd varð upphaflega til eftir að við fórum út með dóttur okkar, Vasiliu Rós. Við hittum hóp af vinkonum sem voru að leika sér saman. Þær voru eldri, svona sjö, átta ára, en Vasilia er þriggja ára. Þær voru svo góðar að leika við hana að við buðum þeim heim til okkar í þakkarskyni og ég bauð stelpunum að teikna með mér prinsessur, eins og ég er að gera. Þær teiknuðu allar saman og vildu svo koma aftur og aftur og halda áfram,“ útskýrir Jelena, og Jói skýtur inn í, „Þær komu til okkar marga daga í röð og bönkuðu upp á.“

„Mér fannst þetta svo skemmtilegt og hugsaði með mér að ég yrði að stofna klúbb í kringum þetta. Ég er listamaður en ég er atvinnulaus og mig langar mikið að mála og teikna og auðvitað hafa það að atvinnu. Svo með Krotklúbbnum býð ég fólki að koma heim til mín, í rýmið mitt hérna uppi á lofti, og teikna með mér. Ég kenni þeim eins mikið og ég kann og get og þá myndast líka samfélag þar sem fólk getur stutt hvort annað áfram,“ útskýrir Jelena.

Hún hefur sankað að sér kennslufni og skipulagt æfingar sem hún hyggst gera með verðandi nemendum. Þær eru bæði tæknilegar og reyna á ímyndunaraflíð – en ein þeirra gengur út á að sjóða saman þrjár dýrategundir svo úr verði furðudýr úr ævintýraheimi.

Teiknimyndir heilla

Eins og sést á þeim verkum Jelenu sem hún leyfði blaðinu að birta er yfir þeim ævintýrablær og ekki erfitt að ímynda sér persónurnar taka til máls eða stökkva um skjáinn í framtíða teiknimynd. Hún segist enda vera heilluð af heimi teiknimyndanna og sótti nýlega fjarnámskeið á vegum vefsíðunnar Schoolism.com, þar sem hún lærði af manni að nafni Ryan Wood, sem er myndskreytir og starfar fyrir Disney.

„Skissurnar sem ég er með á Facebook eru allar unnar eftir að ég fór á þetta námskeið. Ég byrja á að krota í skissubókina, svo skanna ég þetta inn í tölvuna í forrit eins og Photoshop eða



Vilja setja l

Corel Painter og vinn með litina þar. Þetta hefur í rauninni ekki mikið með tölvuna að gera, heldur er mjög svipað og að vinna með annars konar liti – nema kannski að það verður hreinlegra í tölvunni, það sjást til dæmis engin pensilfór. En töframir koma frá listamanninum, alveg eins og í annari listsköpun,“ útskýrir Jelena.

Hún hyggst sömuleiðis kenna þeim Kroturum sem það vilja undirstöðuatriði í slíkri tölvuvinnslu og leggur áherslu á að hver sem það vilji geti lært að teikna. „List getur verið vísindi, eins og stærðfræði. Þetta snýst um að læra um hvernig við sjáum og skynjum umhverfi okkar, um rými og ljós og liti. Þó að maður ætli sér að skapa eitthvað sem

ekki er til í alvörunni, í raunheiminum, skiptir máli að hafa þekkingu á því hvernig við skynjum það sem er til. Það er eina leiðin til þess að geta skapað eitthvað trúverðugt,“ segir Jelena, sem kveðst gjarnan vilja vinna að teiknimyndagerð í framtíðinni.

„Það væri mjög gaman að gera karaktera eða bakgrunna fyrir teiknimyndir – ég hef mjög gaman af þeim og teiknimyndalist. En ég er líka hrifin af hefðbundinni teikningu og málningu og mig langar að gera þetta allt. Þetta er hins vegar allt svo tengt – ef maður er kominn af stað í einu er lítið mál að læra hitt líka. Þetta er bara eins og hárgreiðslukona, hún kann að klippa, en hún gerir ekkert alltaf sömu klipping-



listasamfélag á laggirnar

una,“ segir hún brosandí.

Rekinn í tónlistarnám

Því fer hins vegar fjarri að Krotklúbbur Jelenu og önnur list-sköpun hennar sé sú eina sem fram fari á heimilinu. Jóhann, kallaður Jói, er sömuleiðis afkastamikill listamaður, þó að hans svið sé tónlistin.

„Ég ætlaði mér reyndar að fara í myndlistarnám,“ bendir Jói á. „Mig langaði að fara út í skóla að læra að gera teiknimyndir. Svo sagði Jelena mér eiginlega að ég væri hreinlega ekki nógu góður til þess,“ segir hann og þau hlæja bæði. „Hún benti mér á að fara í tónlistarnám, og það var bara mjög gáfulegt – ég hugsaði að já, ég er alltaf að gera

tónlist en teikna bara af og til. Þetta varð einhvern veginn að dæminu einn plús einn sama sem tónlist,“ segir hann brosandí.

Jói hóf tónlistarnám sitt á Ísafirði, þar sem hann lærði á píanó í fjögur ár. „Það var bara þangað til að ég varð unglingur. Svo hætti ég – af því að ég varð unglingur. Latur unglingur,“ segir hann og hlær við.

„Ég náði öðru stigi á píanóið, minnir mig, en ég náði hins vegar alltaf öllum tónfræðiáföngum, þeir ruku alveg áfram. Ég held að ég hafi bara einu sinni ekki verið hæstur í tónfræði. Það var einhvern veginn alltaf mjög auðvelt fyrir mig að móta tóna,“ segir hann.

Sex plötur á tíu árum

Námið í Listaháskólanum segir Jói hafa hentað sér afskaplega vel. „Það snérist mikið um að kanna nýjustu tækni í tónsmíðum og nýta sér tölvur og svona, þó að klassíkin sé auðvitað stór hluti af þessu líka,“ útskýrir hann. „Þetta var mjög skemmtileg og áhugaverð braut, bara akkúrat fyrir mig eiginlega. Ég var búinn að vera að semja alveg frá því að ég var fjórtán ára. Eftir að ég eignaðist svo tölvu fór ég alveg á fullt í því að fíkta mig áfram,“ bætir hann við.

Þó að Jói vinni mikið einn að tónsmíðunum hefur hann þó sömuleiðis verið meðliðmur margra rómaðra hljómsveita. „Já, já, þar má til dæmis nefna Taflmenn dauðans, hérna á Ísafirði, sem var svona hálfgerð metal-

band. Ég á erfitt með að skilgreina það, þetta var svona í þyngri kantinum en á gráu svæði. Sú hljómsveit snérist eiginlega um að líta sem best út á sviði,“ segir hann kíminn.

„Svo var það hljómsveitin Staubsauger Nilfisk, eftir ryksugunni knáu. Það var nú aðallega við að leika okkur bara. Við áttum það til að spila sama lagið í svona hálf tíma og njóta þess mun meira sjálfir en nokkur áhorfandi – enda fórum við sjaldan út af æfingu og spiluðum lítið opinberlega,“ segir hann og hlær við.

Samhliða hljómsveitunum hefur hann hins vegar alltaf sinnt eigin hugðarefnum í tónsmíðum undir nafninu 7oi. „Frá árinu 2000 hef ég gert um það bil sex

plötur, ef mér skjátlast ekki. Fyrst var þetta ein plata á hverju ári, en svo varð alltaf minni og minni tími til þess. Maður var farinn að vinna, vera í skóla, og svo komu börn... Þá er þetta orðið öllu erfiðara,“ segir Jói, en þau Jelena eiga auk Vasiliu Rósar dótturina Auru Lív, 15 mánaða.

Semur fyrir nútímadansdans

Auk eigin útgáfu hefur Jói sömuleiðis samið töluvert fyrir nútímadansverk og fetar þannig í fótspor bróðurs síns, Valdimars Jóhannssonar, sem er orðinn vel þekktur fyrir samstarf sitt með Ernu Ómarsdóttur dansara og tónsmíðar fyrir hin ýmsu dansverk.

„Fyrsta verkið sem ég gerði í því var með bróður mínum, sem er bara umvafinn nútímadansi núna. Hann kom mér inn í þetta og fékk mig til þess að vera með sér í einu verki fyrir Íslenska dansflokkinn. Síðast hef ég eiginlega ekki komist út úr þessu,“ segir Jói.

Hann hefur starfað mikið með dansara að nafni Sigríður Soffía Nielsdóttir, en þau kynntust í Listaháskólanum þegar þau sátu þar saman námskeið. „Við höfum eiginlega verið að gera verk saman síðan, svona hingað og þangað. Eitt var sýnt síðasta sumar úti í Póllandi og síðar í Tjarnarbíói í Reykjavík. Við erum svo að vinna að öðru núna, sem á að sýna í mars. Við sjáum til hvernig það gengur. Það varð slys á dansara, en hann er að jafna sig, svo það er von að þetta takist,“ segir Jói.

„Að semja fyrir dans er náttúrulega samstarfsverkefni, alveg 100%. Ég þarf að komast inn í hausinn á danshöfundinum og sjá hvað hún vill og ég þarf eiginlega að spinna mikið út frá því. Fyrir verkefnið í Póllandi samdi ég tónlist í stúdíóinu heima hjá mér, á meðan hún samdi verkið úti í Póllandi. Ég sá í rauninni voðalega lítið af dansi. Hún þurfti að lýsa stemningunni sem hún vildi fá og ég þurfti að vinna úr því. Ég fékk einhverjar tímasetningar líka. Þetta getur verið svolítið flókið, en stundum líka einfalt,“ útskýrir Jói, sem segir slíkt samstarf verða betra og betra með tímanum.

„Já, já, við erum svona nánast farin að lesa hugsanir hvors annars,“ segir hann og brosir.

Undirleikur fyrir humarsúpu

Þar fyrir utan hefur Jói samið tónlist fyrir nokkuð óhefðbundna kvikmynd og undirleik við humarsúpu í Japan.

„Fyrir kvikmyndina var þetta kannski ekki beint tónlist – ætli það sé ekki réttara að kalla þetta hljóðmynd. Þetta var stutt hryllingsheimildamynd um Óshlíðina. Við getum sagt að tónlistin hafi hljómað eins og stór brotarnjárnshrúga – en samt á hljóðfæri. Þetta var svona blandað eiginlega, tónverk og hljóðmynd,“ útskýrir Jói og brosir við.

Hann var sömuleiðis fenginn til að semja tónlist fyrir japanska súpuveitingastaðakeðju, sem hljómar ekki eins og hversdagslegt verkefni fyrir íslenskan tónlistarmann.

„Það er japönsk kona sem hefur einstaklega mikinn áhuga á íslenskri tónlist og vinnur nánast við það að plögga íslenskri tónlist í Japan. Við erum ágætis vinir, svo hún stakk upp á mér í þetta verkefni. Þeir voru sem sagt að byrja að bjóða upp á íslenska humarsúpu á þessum veitinga-

stöðum og vantaði einhverja íslenska tónlist með henni. Ég lét þá hafa klukkutíma af svona aðeins lágstemmdari tónlist. Í rauninni blandaði ég nú saman eldri lögum og svona, en jú, það má segja að ég hafi samið undirleik fyrir humarsúpu í Japan,“ segir hann og hlær.

Smíðar trommur úr gaskútum

Eins og grúskara er síður hefur hann þar að auki spreytt sig á hljóðfærasmíði og er með drög að heimasmiðuðum snertiskjá á skrifborðinu.

„Ég er svo mikill nörd þannig – ég hef bæði forritað mín eigin tónlistarforrit og smíðað trommur úr gaskútum. Þetta eru engar venjulegar trommur, það er hljómur í þeim! Þær eru frekar hljóðfæri. Ég smíðaði þær bara með slípirokk,“ segir Jói, sem brá á þetta ráð til að búa til ódýrari útgáfu af hljóðfæri sem hann langaði að komast yfir. „Ég sá á netinu að einhver hafði gert ódýrari útgáfu, svo ég ákvað að prófa líka. Þetta var svo hluti af loka-verkefninu einhverja önnina í Listaháskólanum – ég smíðaði trommurnar og spilaði svo á þær með vinum mínum,“ bætir hann við.


„Snertiskjárninn, til að stjórna tónlistarflutningnum, er eitthvað sem mig hefur lengi langað til að smíða en aldrei haft tíma í. Ég er kominn með flest allt efnið í hann núna, ég þarf bara að koma mér í þetta,“ segir hann og kímir.

„Þetta verður stór og glær snertiskjár, þannig að ég geti stjórnað tónlistarforritinu mínu með puttunum. Planið var að hafa hann gegnsæjan, svo að ef ég væri einhvers staðar að spila á sviði gæti ég látið hann snúa að áhorfendum. Þannig myndi fólk sjá hvað ég er að gera og líka sjá mig í gegnum skjáinn,“ útskýrir hann.

Stórir fram-tíðardraumar

Jelenu líkar lífið á Ísafirði vel. „Mér finnst miklu betra að vera hér en í Reykjavík. Ég er til dæmis hrædd að keyra – og það er mjög erfitt í Reykjavík, ég væri þá bara alltaf ein heima. Ég veit ekki hvort fólki finnst yfirleitt gaman að vera eitt heima, en það er að minnsta kosti ekki fyrir mig! Hér hefur maður frelsi og það er allt miklu auðveldara,“ segir hún.

Þau Jelena og Jói eru sammála um að Ísafjörður, og Vestfirðir allir, séu kjörinn staður fyrir hvers konar listastarfsemi. „Ég get farið mjög langt í dagdraumunum mínum,“ segir Jelena brosandí. „Eftir tíu ár gætum við verið komin með flottan listaskóla hérna og Vestfirðir verða alveg eins og San Francisco,“



bætir hún við. „Kannski með aðeins meiri snjó,“ skýtur Jói inn í.

„Það er í rauninni mjög sniðugt að hafa einhverja svoleiðis starfsemi hér, því hingað getur fólk komið og verið í friði. Það er miðbæjarstemning hérna og svona, það er hægt að kíkja á barinn en það er ekkert áreiti á við það sem er fyrir sunnan,“ segir Jói. „Ég veit að það eru fleiri að hugsa um þetta – hvort við gætum byggt upp eitthvað listasamfélag hér,“ bætir hann við.

„Mig langar til dæmis að bjóða útlendingum að koma hingað og mála með mér landslagsmyndir á Vestfjörðum. Það er einn

draumur. Í Rússlandi er skóli sem kennir gamaldags teikningu og málningu. Það var líka alveg frábært að fá einn Rússa hingað til að halda námskeið og kenna. Svo gætum við verið með teiknimyndavinnubúðir í Bolungarvík, það væri líka frábært,“ segir Jelena, sem er uppfyll af hugmyndum.

„Krotklúbburinn er bara fyrsta skrefið! Og fyrir þessar hugmyndir væri maður að hugsa út fyrir Vestfirði. Það þyrfti að markaðssetja slík námskeið eða verkefni vel og skipuleggja, en það er gerlegt og einhver þarf að taka af skarið,“ segir hún.

„Fólk er svo dásamlegt hérna,

svo jákvætt og hjartahlýtt. Ég held að það sé mun auðveldara að nálgast fólk hér og fá þá með sér í lið, miklu auðveldara en fyrir sunnan. Nú vona ég bara að fullt af fólki skrái sig í Krotklúbbinn og í sumar, þegar allir túristarnir koma, höfum við fullt af vatnslitamyndum til að selja þeim!“ segir Jelena stríðnislega að lokum.

Áhugasamir geta aflað sér frekari upplýsinga um Krotklúbbinn á Facebook-síðu hans, www.facebook.com/krotklubbur. Nánari má kynna sér tónsmíðar og önnur verkefni Jóa á síðunni www.7oi.org.

– Sunna Dís Másdóttir.



DRAUMADAGAR í hjarta borgarinnar

Gisting í tveggja manna herbergi með morgunverði
á CenterHotel Arnarhvoli, frír aðgangur að spa-heilsulind
og glæsilegur veislukvöldverður á Panorama Restaurant.

AÐEINS 8.000 kr. á mann!

Hægt er að velja annað af matseðli en Panoramaveislu gegn aukagjaldi.
Aukanótt kostar 9.200 kr. fyrir tvo með morgunverði.

GJAFABRÉF sem gleður

Pantanir og nánari upplýsingar á centerhotels.is, reservations@centerhotels.is
og í síma 595 8582. Tilboðið gildir til 30. apríl 2011. Ógleymanleg upplifun
fyrir pör jafnt sem stærri og smærri hópa.

Leikhústilboð



Afsláttur á sýningar Þjóðleikhússins fyrir gesti Draumadaga
Miðaverð 3.000 kr. (fullt verð 3.750)
Miðapantanir í síma 551 1200



**HOTEL
ARNARHVOLL**
centerhotels.is



panorama
restaurant
panoramaice.is

Hótel Arnarhvoll / Panorama Restaurant / Ingólfsstræti 1 / 101 Reykjavík

Vélfraeðingur með tónlist

Nafn Vernharðs Józefssonar hefur borið töluvert á góma umræðunni sem hefur átt sér stað um sorphirðumál og starfsemi brennslustöðvarinnar Funa síðustu vikur, en hann hefur gegnt stöðu stöðvarstjóra þar síðastliðin tvö ár. Hann er þó mörgum sömuleiðis kunnugur fyrir tónlistarstarf sitt í gegnum árin, enda hefur hann, eins og hann segir sjálfur, verið í „hundrað hljóm-sveitum“.

Tvískipt mál

Frá því að díoxín mældist í mjólk frá býlinu Efri-Engidal í Skutulsfirði hefur sorpbrennslan Funi, mengun hennar vegna og þróun sorphirðumála í Ísafjarðarbæ verið á allra vörum. Vernharður segist sjálfur líta á málið sem tvískipt.

„Annars vegar er þetta stóra sorpmálið og hins vegar mengunarmálið,“ segir Vernharður, sem hóf störf sem stöðvarstjóri haustið 2008. „Mín nálgun á þetta starf var út frá mínum bakgrunni, ég er svona véltækniamaður sko. Ég sá alveg tækifæri í því að koma að uppbyggingu stöðvarinnar, ef menn hefðu hug á því, það var líka áskorun fólgin í því að gera stöðina reyklusa“ segir hann.

„Fljótlega eftir að ég byrjaði var skipaður starfshópur um endurskoðun sorpmála og ég vann með honum. Við fórum svolítið djúpt í þetta mál, því það voru vissulega aðrir kostir í boði en að halda áfram brennslu – og ekki var brennslan neitt voðalega vinsæl. Stöðinni hafði ekki verið

sinnt sem skyldi af eigendum sínum og ekki verið uppfærð eftir tækniframförum sem höfðu orðið á líftíma hennar,“ útskýrir hann.

Gallað sorphirðukerfi

Starfshópurinn sem Vernharður vann með skoðaði aðra kosti en þá að reka Funa áfram. „Það kom þá helst til greina að urða annars staðar. Okkar niðurstaða var sú, að vandlega athuguðu máli, að heppilegasta niðurstaðan fyrir Ísafjarðarbæ væri sú að halda áfram að vinna orku úr sorpinu okkar, en laga stöðina þannig að hún sinnti hlutverki sínu betur, skapaði meiri tekjur og væri reyklaus með öllu.

Við sáum einnig lag á því að lækka rekstrarkostnaðinn all verulega,“ útskýrir Vernharður, sem segir fyrra sorphirðukerfi hafa verið slæmt.

„Það var eiginlega glatað að mínu mati. Það var alltaf mikil óánægja með gámasvæðin, hræðileg umgengni og vond flokkun og ofboðslega mikið urðað sem átti ekkert að vera urðað. Þetta var meingallað kerfi. Ég lagði það sjálfur til við nefndina að þessum gámasvæðum yrði bara lokað og grófa sorpið sótt reglulega í staðinn. Það virðist hafa náð í gegnum allt þetta ferli, því nú lítur út fyrir að þeim verði lokað. Ég er persónulega mjög ánægður með þá ákvörðun,“ segir Vernharður.

Niðurstaða starfshópsins, um að áframhaldandi rekstur Funa væri skynsamlegasta lausn sorpmála, féll að hans sögn í grýttan jarðveg. „Það var þannig að póli-

tíkusarnir voru ekki sammála þeirri niðurstöðu, eða vildu aðra. Þeir vildu bara ekki segja það. Þá fór þetta mál allt í svolítið limbó og það hefur verið þannig allt of lengi,“ segir hann. „Pólitíkin samþykkti samt skýrsluna okkar sem miðaði að því að Funi yrði reyklaus og uppfyllti Evrópuviðmið í mengunarvörnum“.

Mengunin augljós

Vernharður tekur í sama streng og margir aðrir síðustu vikur þegar hann segir að það hefði ekki átt að koma neinum á óvart að einhver mengun hlytist af starfsemi Funa. „Það þurfti engar mælingar til að segja fólki að stöðin mengaði, það þurfti nú bara að opna augun til að sjá það,“ segir hann. „Mælingarnar segja manni bara hversu mikil mengunin er og hvernig hún er samsett. Ég lét sjálfur aldrei út úr mér við einn né neinn að þetta væri bara vatnsgufa og alveg skaðlaust, eða eitthvað í þá áttina,“ segir Vernharður, en bendir á að viðmiðunarmörkin séu þó dálítið villandi.

„Funi er ekkert voðalega stór. Þessi efnaviðmið miða öll við hámark efna í rúmmetra af gasi sem berst frá stöðinni. En svo er ekkert kveðið á um hversu margir þessir rúmmetrar mega vera. Svo þetta er ekki endilega alveg samþæringlegt – að bera Funa litla saman við stöðvar sem eru kannski tuttugu sinnum stærri,“ útskýrir hann.

Vernharður kveðst þó ekki á nokkurn hátt vilja gera lítið úr

málinu sem upp kom í Engidal og segist ekki hafa órað fyrir því að slíkt gæti gerst. „Ég get ekki sagt að það hafi nokkurn tíma komið upp í huga minn. Í niðurstöðunum úr þessum mjólkurmælingum sést að mengunarmagnið er bara rétt að skríða yfir viðmiðunarmörkin sem eru góðu heilli höfð mjög lág. Og í sumar var þetta svolítið eins og síðustu ár, rykbláminn var að fara út, eins og fólk hefur séð. Við fengum svo til enga rigningu í sumar og vindurinn stóð meira og minna inn Engidalinn, þannig að ef þetta ætti að gerast einhvers staðar þá væri það þarna. Það er því miður þannig,“ segir hann.

Ósammála kerfisbreytingum

Ný stefna í sorpmálum Ísafjarðarbæjar höfðar ekki sérstaklega vel til Vernharðs, enda segir hann fátt hafa breyst frá því að starfshópurinn komst að andstæðri niðurstöðu fyrir tveimur árum síðan.

„Það sem við lögðum til á sínum tíma var ekki að Ísafjarðarbær myndi loka sig af með þetta mál heldur að það yrði reynt að ná nágrannasveitarfélögum í samstarf og helst fyrirtækjunum líka. En svo er reyndar breytt umhverfi með fyrirtækin – það er í rauninni óheimilt að skattleggja þau eins og hefur verið gert. Þau verða að fá að greiða eftir því sem þau nota, samkvæmt tilskipunum, og þá detta þær tryggu tekjur mögulega út að einhverju leyti.

Funi og hans rekstur eru í rauninni nánast föst stærð. Kostnaðurinn er svo til sá sami hvort sem hann brennir 1.000 tonnum eða 3.000 tonnum á ári. Það var þess vegna svolítill óvissa í þessu og menn notuðu það sem átyllu til að stökkva á hitt. Ég held að pólitíkusarnir hafi alltaf ætlað sér það og þeir hafi bara verið að leita að ástæðu til að geta skipt um stefnu. Mér hefði fundist það miklu sterkara ef pólitíkin hefði bara staðið í lappirnar og sagt „Við viljum breyta þessu, við höfum ekki trú á því að brennsla til orkuvinnslu sé framtíðarlausn, takk fyrir ykkar vinnu, hún var ágæt en við erum ekki sammála.““ segir Vernharður, sem er heldur ekki sáttur við hvernig að rekstri stöðvarinnar var staðið frá því að hann kom að henni.

„Stöðinni hefur ekki verið sinnt nógu vel, hún bara drabbaðist niður megnið af tímanum. Ég var bara búinn að vera þarna í nokkrar vikur þegar hrúðið varð og þá komu skilaboðin: ekki eyða neinu. Maður var rétt að koma sér í startholurnar og sjá hvað þyrfti að gera þarna – og svo fékk maður ekki fjármagn nema til að rétt halda þessu gangandi. Það var margt þarna sem gargaði á mann að þyrfti að laga,“ segir hann. „Vinnuumhverfið var erfitt og ótrúlegt hvað starfsmenn Funa sættu sig við í þeim efnum.“

Ævintýraár í Kantaraborg

Þó Vernharður hafi margt til málanna leggja hvað varðar

Varði meistaraprófsritgerð um hækkun sjávarborðs á Ísafirði

Niðurstöður meistaraprófsritgerðar Manuela Meidinger sýna að búast má við félagslegum og efnahagslegum áhrifum af völdum sjávarborðshækkunar og aukins styrkleika ofsavæðra á Ísafirði við Skutulsfjörð, einkum undir lok tuttugustu og fyrstu aldar. Manuel varði meistaraprófsritgerð sína við námsleið í haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskóla-setri Vestfjarða á föstudag. Ritgerðin fjallar um áhættu og við-

brögð vegna hækkandi sjávarborðs af völdum loftslagsbreytinga á Ísafirði við Skutulsfjörð og ber titilinn A preliminary vulnerability assessment for Ísafjörður, Iceland: Coastal management-options to reduce impacts of sea-level rise and storm surges.

Niðurstöður rannsókna sem beinast að loftslagsbreytingum gefa til kynna að undir lok tuttugustu og fyrstu aldar gæti sjávarborð á hnattræna vísu hækkað

um einn meter að meðaltali. Þessu fylgi jafnframt aukinn styrkleiki ofsavæðra. Þótt loftslagsbreytingar séu hnattrænt fyrirbæri eru áhrif þeirra mjög breytileg eftir svæðum. Í þessari rannsókn er framkvæmt bráðabirgða veikleikamat fyrir strand-svæði Ísafjarðar í Skutulsfirði með hliðsjón af ráðleggingum Sameinuðu þjóðanna og rannsóknarmarkmiða umhverfisráðuneytisins. Efnahagslegt tjón og hætta á manntjóni er metið og

lögð til viðbrögð við þeirri hættu sem hækkun sjávarborðs getur skapað.

Metnir voru möguleikar á því að milda neikvæð fjárhagsleg áhrif í Skutulsfirði með því að forgangsraða inngrípum hvað verndun sögulegra bygginga varðar, einnig var metin þörf fyrir mælingar á landhækkunum vegna nýrra framkvæmda. Heilt á litið ganga ráðleggingar verkefnisins út á að lækka fjárhaglsekan kostnað Ísafjarðarbæjar af völdum

áhrifa hækkunar sjávarborðs og aukins styrkleika ofsavæðra með því að stýra framtíðaruppbyggingu á hentug svæði jafnframt því að verja núverandi byggð.

Manuel Meidinger er frá Berlín í Þýskalandi, hann lauk B.Sc. gráðu í landfræði frá Freie Universität í Berlín. Leiðbeinandi verkefnisins var Dr. Luis Costa frá Háskólanum í Grefswald í Þýskalandi. Prófdómari var Dr. Patricia Maunel frá Dalhousie háskólanum í Kanada.

Tónlistarfíkn

sorpmálin hefur hann komið víða annars staðar við á lífsleiðinni. Vernharður er menntaður vélfræðingur og lauk námi sínu árið 2001.

„Þá var ég í afleysingum á sjó, kláraði samninginn minn svo héna hjá Frystikerfum á Ísafirði og vann svo hjá 3X Stál í fjögur ár. Eftir að ég hætti þar fluttum við fjölskyldan til Englands í eitt ár. Við höfðum oft talað um það, að prófa að flytja, bara til að skipta um umhverfi, og ákváðum þarna að láta vaða,“ útskýrir hann. „Þetta var 2007, sko,“ bætir hann við og hlær.

Vernharður segir árið hafa verið skemmtilegt, þó það hafi sömuleiðis verið einkennilegt að vera búsettur úti og fylgjast með gengi íslensku krónunnar taka hverja dýfuna á fætur annarri. Fjölskyldan fluttist til Kantara-borgar, eða Canterbury, í Kent í Englandi. „Við leigðum húsið okkar héna heima út og fundum okkur annað úti,“ segir Vernharður, sem býr á Suðureyri ásamt konu sinni og fjórum börnum, því yngsta þriggja mánaða.

Börnin voru 5, 11 og 13 ára gömul þegar að flutningum kom og upplifðu fyrir vikið töluvert annað skólaumhverfi en þau voru vön. „Strákarnir þurftu bara að græja sig í jakka og bindi á morgnana og dóttirin í pils – það var auðvitað skólábúningur. Annar strákurinn var nú dálítið skeptískur á þetta ævintýri, en það lagaðist eftir því sem á leið. Það er alltaf erfitt fyrst, að læra á nýtt umhverfi og eignast vini og svona. Núna eru þau mjög ánægð

með þennan tíma og þá reynslu sem þau fengu,“ segir Vernharður.

Tónlistarfíkill

Vernharður er að eigin sögn tónlistarfíkill. Hann hóf tónlistarnám sitt sex ára gamall í Tónlistarskóla Ísafjarðar. „Ég lærði á píanó í átta ár, mest hjá Siggu Ragnars. Svo byrjaði ég að spila á gítar sem unglingur og hef spilað á gítar og bassa síðan. Ég hef verið í hundrað hljómsveitum og svona,“ segir hann og hlær við.

Hann segist geta tekið undir það að tónlistarlíf á Ísafirði og svæðinu öllu hafi löngum verið blómlegt. „Það er hins vegar misjafnt líka. Það koma tímabil þar sem það er engin gróska og svo allt í einu eru allir komnir á kaf í tónlist. Það helst kannski í hendur við bylgjur úti í heimi, eins og grunge-ið, til dæmis. Þá var héna fullt af böndum og Urmull aðalbandið. Það er líka gaman að sjá að Ísfirðingar hafa oft átt fólk í framvarðasveit tónlistarbransans á Íslandi í gegnum tíðina,“ bætir hann við.

Á námsárum sínum í Reykjavík lék Vernharður með hljómsveitunum Geirfuglunum og Miðnesi og gerði með þeim nokkrar plötur á þeim tíma. Hann spilar nú í Kraftlyftingu, þó hann segir bandið ekki spila nógu mikið. „Við erum alltaf til í að spila og svona, en það getur stundum verið svolítið erfitt að koma fólki saman, allir svo uppteknir eitt-hvað! Svo hef ég verið að spila með Presti Jóhannessyni, sem ég



var áður með í kántríhljómsveitinni Unaðsdal. Hún er nú, eins og er oft með þessar sveitir, ekkert endilega hætt. Þetta er alltaf bara spurning um nokkur símtöl og þá er hljómsveitin komin aftur í gang – það er bara að telja í,“ segir hann brosandi.

Tækjaleigan er samfélagsþjónusta

Vernharður er auk þess með fyrirtækið Stuð ehf. á sínum snærum, sem hlýtur að teljast tilvalið nafn á tækjaleigu fyrir tónlistarflutning. „Ég stofnaði fyrirtækið 2002 en hafði áður verið viðloðandi þetta. Það var þörf fyrir þetta, því það var ekki

til alvöru dót héna. Eitthvað band sem ég var í fyrir mörgum árum keypti kerfi í bæinn og eftir að það fór að kvarnast úr því endaði megnið af þeim græjum einhvern veginn hjá mér. Svo ég tók þann pól í hæðina að þrjóna aðeins við þetta, kaupa meira og fara að gera það út,“ útskýrir Vernharður, sem segir fyrirtækið þó ekki vera neina gróðamaskínu.

„Flýtur á meðan ekki sekkur. Ég lít líka á þetta sem ákveðna samfélagsþjónustu, að þetta dót sé til héna. Bönd geta þá komið og haldið tónleika héna án þess að það kosti handlegg og nýra. Það kostar svo mikið að flytja kerfi með sér að það eru ekkert nema allra stærstu viðburðir sem

ráða við það,“ bendir hann á.

Aðspurður um hvað taki við nú þegar Funa verður lokað segist Vernharður fyrst ætla að taka því rólega. „Svo hef ég verið með verkefni allveg frá því að ég var úti og nú samhliða Funa. Ég hef verið að smíða rafstýringar, forrita iðnstýringar og svoleiðis og verið með viðskiptavinum í því. Ég hef hins vegar ekkert sinnt því af neinum alvöru krafti og nú er smá skafl framundan í því sem ég ætla að ráðast á,“ segir hann.

„Svo veit maður ekkert hvað verður. Ég finn mér kannski eitt-hvað annað eða fer bara í meira nám. Það hefur sinn gang,“ segir hann að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.



Manuel Meidinger varði meistaraprófsritgerð sína í Háskólasetri Vestfjarða á föstudag.

Jón Þór er nýr rokkstjóri

Jón Þór Þorleifsson hefur tekið við stöðu rokkstjóra tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður. „Það verður vissulega erfitt að feta í fótspor Hálfðáns Bjarka en ég ætla gera þetta í dúndrandi svingi,“ segir Jón Þór.

Með nýjum mönnum fylgja oft nýjar áherslur en Jón segist fyrst og fremst ætla að byggja á þeirri góðu hefð sem hátíðin hefur skapað. „Eina breytingin felst í því að ætlum að reyna meira með bæjarfélaginu og íbúum. Bærinn hefur alla tíð stutt dyggilega við hátíðina en í ár ætla þeir að gera gott betur. Þá langar okkur líka að virkja betur íbúa með okkur og áformum að blása til borgarafundar þar sem við kynnum

hugmyndir okkar og fáum að heyra hvað fólki finnst,“ segir Jón Þór og bætir við, „en það besta við starfið er að fæ að vera fyrir vestan á meðan á undirbúningnum stendur og er væntanlegur fljótlega.“

Forsprakkar hátíðarinnar, feðgarnir Guðmundur Kristjánsson og Örn Elías Guðmundsson, betur þekktir sem PapaMug og Mugison, funduðu með bæjaryfirvöldum um fyrirkomulag hátíðarinnar. „Bæjarráð tók vel í samninginn sem skýrir aðkomu hvers og eins að hátíðinni og ég á von á að bæjarstjórnin samþykki samninginn. Allavega er ljóst að ekki þarf að blása hátíðina af,“ segir Daníel.



Ánægja með Sunnukórsballið

Árvisst Sunnukórsball var haldið í sal Frímúrara á Ísafirði á laugardag. Sunnukórinn, sem var stofnaður 25. janúar 1934, hefur árlega haldið árshátíð sína í kringum þann dag til að fagna því að sólin sést aftur í bænum. „Í þetta sinn vorum við ekki með Karlaórnum Erni eins og undanfarin þrjú ár og því var aðeins færri en það var samt sem áður ágætis mæting og mikil ánægja með hvernig til

tókst,“ segir Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir úr skemmtinefnd. Tvenn hjón úr kórnum skipuðu skemmtinefndina en auk Sigríðar Láru var það eiginmaður hennar Hjalti Karlsson og Hildur Elísabet Pétursdóttir og Svavar Þór Guðmundsson.

Þrjú lög voru frumflutt á fögnuðinum en þau voru samin sérstaklega fyrir Sunnukórinn. Þar af var eitt lag eftir Arndísi

Ólafsdóttur, gamlan kórfélagi, sem hún samdi við ljóð Ólínu Þorvarðardóttur, Sunnu. Guðmundur Hagalínsson, núverandi kórfélagi, samdi lag fyrir kórinn og söng einsöng í því lagi. Textann samdi Ásthildur Cesil Þórðardóttir. Þriðja lagið var eftir Tómas G. Eggertsson. Að auki voru að venju glæsileg skemmtiatriði af ýmsum toga og hefðbundnar veitingar, pönnukökur, snittur og kaffi.





12% fyrirtækja á Vestfjörðum í greiðsluþroti

12% allra fyrirtækja á Vestfjörðum eru í raun í greiðsluþroti samkvæmt niðurstöðu könnunar sem Bygðastofnun fékk fyrirtækið Creditinfo til að taka saman. Úttektin nær til 787 fyrirtækja á Vestfjörðum og er hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá um 36%. Útreikningarnir byggja á svokallaðir CIP aðferð sem er tölfræðilegt reiknilíkan sem metur líkur á alvarlegum vanskilum fyrirtækja innan 12 mánaða. Fyrirtækin eru sett í tíu flokka, frá 1-10, auk flokksins 0 en í þann flokk falla fyrirtæki sem eru ógjaldfær eða í alvarlegum vanskilum og fá ekki á sig áhættumat. Þau sem falla í flokk 1 standa best en þau sem er í flokkunum 7-10 eru með áhættu umfram eðlileg mörk. Samkvæmt niðurstöðu Creditinfo falla 36% allra vestfirskra fyrirtækja í flokka 7-10, auk flokks 0.

Könnunin sýnir ekki ástand fyrirtækja innan hvers sveitarfélags á Vestfjörðum en ástandið er mismunandi eftir sveitarfélögum. Þannig er greint frá því að innan sveitarfélags, sem ekki er tilgreint, er hlutfall fyrirtækja í greiðsluþroti 29% og hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá er upp í 35,7%. Þá segir að meðal eiginfjárhlutfall er á bilinu neikvætt um 74% og upp í 16%. Meðal veltufjárhlutfall er frá 0,25 upp í 1,54 og meðal lausafjárhlutfall er frá 0,23 upp í 1,44 en bæði veltufjár- og lausafjárhlutfall er undir einum í flestum sveitarfélögum. 24% fyrirtækja er flokkuð í áhættuflokka þar sem áhætta er umfram eðlileg mörk og 12% fyrirtækja fá ekki á sig áhættumat vegna erfiðrar stöðu.

Þótt hlutfall fyrirtækja með áhættu umfram eðlileg mörk sé hátt á Vestfjörðum er það víðast

hærra í öðrum landshlutum. Samkvæmt úttektinni fer langhæst hlutfall fyrirtækja á Suðurnesjum í áhættumestu flokkana fjóra eða 55% og þar af eru 16% í raun gjaldþrota. Rúmlega helmingur fyrirtækja á Suðurnesjum er annað hvort ógjaldfær eða með líkur umfram eðlileg mörk á að fara í alvarleg vanskil á næstu 12 mánuðum. Í skýrslunni segir að sé fróðlegt að staðan er einna verst í þeim landshlutum sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi þar sem uppgangur hefur verið hvað mestu á síðastliðnum árum. Á Suðurlandi er 46% fyrirtækja í áhættumestu flokkunum (7-10 auk 0) og þar af eru 14% í raun gjaldþrota. Á Vesturlandi og Austurlandi eru 39% fyrirtækja með áhættu umfram eðlileg mörk. Vestfirsk fyrirtæki standa hins vegar svipað og fyrirtæki á Norðurlandi vestra.



Stefnt er að því að framkvæmdum við Mávagarð verði lokið næsta vor.

Framkvæmdir við Mávagarðinn langt komnar

„Síðasta stálpilið var sett niður í síðustu viku. Framkvæmdir hafa gengið ágætlega og verklok verður að mér sýnist á áætlun,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri hjá Ísafjarðarbæ. Undanfarnar vikur hafa tíu manns haft atvinnu af byggingu 60 metra stálþilsbryggju við Mávagarð en fyrirhugað að flytja

olíubirgðastöðina þangað að framkvæmdum loknum. Við flutninginn losnar lóðin við Suðurgötu þar sem olíubirgðastöðin var áður.

„Svæðið verður þá byggingalóð í eigu bæjarins og getur nýst til framtíðar uppbyggingu á svæðinu,“ segir Guðmundur. Jarðvegurinn í kringum gömlu

birgðastöðina er töluvert olíumengaður en Guðmundur segir það ekki líklegt til að hafa áhrif.

„Ef í ljós kemur að jarðvegurinn er of mengaður þá verður einfaldlega að skipta um jarðveg áður en framkvæmdir á lóðinni hefjast, en það ætti ekki breyta miklu,“ segir Guðmundur.

– kte@bb.is

smáar

Til sölu er Britax barnabílstóll. Notaður af einu barni. Á sama stað óskast brettaskór nr. 39-40 í skiptum fyrir skó nr. 38. Uppl. í sínum 456 4469 eða 845 7246.

Reglusamt par af höfuðborgarsvæðinu, með tvö börn og tvo hunda, óskar eftir skipti á íbúð á Ísafirði (eða nálægum byggðarlögum) í fjórar vikur í sumar. Áhugasamir hafi samband við Bjarna í síma 856 6781.

Til sölu er einbýlishús á besta stað í Hnífsdal. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 4469 eða 845 7246.

Par að vestan óskar eftir 2-3 herb. íbúð til leigu í Reykjavík eða Kópavogi á hagstæðu verði. Meðmæli og tryggingar í boði. Traustir leigjendur, róleg og reyklus. Skilvísun greiðslum og góðri umgengni heitið. Uppl. gefa Kristjana í síma 847 3411 eða Hannes í síma 846 9918.

KFÍ sigraði toppliðið

KFÍ lagði bikar- og Íslands-meistara Snæfells að velli á föstudagskvöld, 89-76, og endaði þar með 11 leikja taphrinu sína í úrvalsdeildinni. Craig Schoen fór mikinn í leiknum og var með 31 stig, 8 fráköst og 7 stoðsendingar. Allir sjö erlendu leikmenn liðsins skoruðu öll stig heimamanna.

„Eftir betri byrjun heimamanna voru Snæfellingar hreinlega alltaf í eltingaleik og staðan eftir fyrsta hluta 24-18 en Craig Schoen var að stríða Snæfelli mikið,“ segir á vef Snæfells. KFÍ er með 6 stig.



Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. fagnar 70 ára starfsafmæli

Sjötíu ára starfsafmæli Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. var fagnað um helgina á Ísafirði og í Hnífsdal. Starfsfólki, viðskiptavinum og velunnurum félagsins var boðið til hófs í Edinborgarhúsinu á Ísafirði frá kl. 17-19 á föstudag og á laugardag opið hús hjá HG Hnífsdal. Tímamótið miðast við formlega stofnun Hraðfrystihússins hf. í Hnífsdal 19. janúar 1941. Félagið sameinaðist Frosta hf. í Súðavík sumarið 1997 og útgerðarfélaginu Gunnvöru hf. og Íshúsfélagi Ísfirðinga á Ísafirði sumarið 1999. Hið sameinaða félag var nefnt Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. (HG) og er

öflugt fyrirtæki í útgerð, bolfiskvinnslu og þorskeldi.

Starfsemi HG á sér traustar rætur í vestfirsku athafnalífi og samfélagi og nýtur góðs af traustum og góðum viðskiptatengslum víða um lönd. Dæmi um það eru áratuga viðskipti við skyndibita-keðjuna Fish'n'Chick'n í Bretlandi, sem rekur á fjórða tug veitingastaða í Bretlandi. Þess má og geta að framleiðslunúmer togarans Júlíusar Geirmundssonar er ótrúlega vel þekkt meðal kaupenda og neytenda á Taívan. Þeir vita að merkingin H-718 er trygging fyrir því að fá fyrirtaks grálúðuafurðir frá Íslandi.

HG er mikilvægur bakhjarl byggðarlaganna á Vestfjörðum og leggur sitt af mörkum til að halda sjálfri samfélagsvélinni gangandi á erfðum tímum með því að sjá fjölda fólks fyrir vinnu og þjóðarbúinu fyrir gjaldeyri. Um árabíl hefur fyrirtækið líka styrkt fjölda samfélagslegra verkefna í heimabyggðum sínum, einkum íþrótt- og menningarstarfi af ýmsu tagi.

Niðurskurði í heildarafla hefur verið mætt með því að kaupa aflaheimildir og sameina þær á færri og afkastameiri skipum. Þannig verður líka unnt að skipuleggja starfsemina til langs tíma og samþætta veiðar, vinnslu og

markaðssetningu afurðanna í þágu viðskiptavinanna. Það er nefnilega ekki einungis varan sem slík sem skapar verðmæti heldur einnig ímynd hennar og afhendingaröryggi.

HG lítur á byggðarlögin á norðanverðum Vestfjörðum sem eitt atvinnusvæði og starfar í samræmi við það. Árið 2010 greiddi félagið starfsfólki, sem búsett var á Ísafirði og í Hnífsdal, tæpar 900 milljónir króna í laun, starfsfólki búsettu í Bolungarvík, á Flateyri, Þingeyri og Patreksfirði um 300 milljónir króna og 130 milljónir króna voru greiddar starfsfólki búsettu annars staðar.

Flateyri og póstfang 101

Stakkur skrifar >

Flateyri er þorp með nokkur hundruð íbúa og fólkið sem þar býr bíður þess að lausn finnst á því hver framtíð þorpsins verður. Flateyri er hverfi í Ísafjarðarbæ. Örlög þess hafa áhrif á byggð í sveitarfélaginu og framtíð allra íbúa þess. Engar lausnir eru á borðinu enn sem komið er. Á Flateyri var Sólborg lokað og starfsemi lítillar stofnunar, sem skipti miklu í litlu hverfi lögð af. Framtíðin er óviss og ósýnilegt að stjórnvaldamenn hafi neinar lausnir eða neina stefnu í málefnum sjávarþorps sem þeir kalla flestir „úti á landi“.

Það að tala stöðugt um byggðir utan höfuðborgarsvæðisins sem eitthvað úti á landi er gert til þess að flokka mikilvægi þeirra í augum þeirra sem búa í pósthangi 101 og næsta nágrenni á Íslandi. Það er sennilega til að undirstrika þá ímynduðu staðreynd þeirra sem þannig hugsa, að um sé að ræða eitthvað óaðra en það umhverfi sem þeim stendur næst, þar sem menn ræða á „gáfulegum“ nótum um mikilvægi þess að Ísland verði eitt kjördæmi og þeir sem búa á þéttbýlustu svæðunum, í stóru hverfum Íslands, ráði fyrir þá sem búa í hinum litlu, smælingjana.

Ísland - eitt kjördæmi - er ávísun á það að við sem búum í hinum smærri hverfum Íslands séum óaðra fólk sem skipti minna máli en fjöldinn. Í krafti stærðarinnar skuli fjöldinn taka ákvarðanir fyrir smælingjana, sem skipti fjöldann ekki máli. Það kom berlega í ljós í hinum nú ógildu kosningum til stjórnlagaþings, að smælingjarnir

eiga ekki mikla möguleika á við þá sem tengjast pósthangi 101 nánari böndum. Þeir verði þannig fangar pósthangs langt í burtu og geti ekki ráðið sínum málum sjálfir. Á meðan bíða íbúar á Flateyri og í mörgum öðrum sjávarþorpum þess að sjá hvaða molar hrjóti af borðum þeirra sem ráða og hafa búsetu í pósthangi 101 og nágrenni, ef þá nokkir detta út af borði þessa góða pósthangs.

Stjórnlagaþing?

Athyglisvert hefur verið að fylgjast með umræðum um stjórnlagaþing eftir að dómur Hæstaréttar féll á þá lund að kosningarnar væru ógildar vegna annamarka við framkvæmd þeirra. Ummæli forsætisráðherra um Hæstarétt voru eftirtektarverð. Dæmi hver fyrir sig. Hinu verður ekki neitað að pappakassakosningar í sumum ríkjum þriðja heimsins hafa stundum fengið neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum á Íslandi. Nú hafa talsmenn pósthangs 101 þá skoðun að það hafi verið minni háttar galli að kosið hafi verið í pappakassa, við pappakassaskilrúm og með seðlum sem rekjanlegir voru til kjósenda. Hvað varð um leynilegar kosningar? Frambjóðendur áttu ekki færi á því að hafa fulltrúa sína við talningu til að fylgjast með. Það er nýlunda í íslenskum kosningum að taka upp slík vinnubrögð, sem stangast á við lög. Eiga lög kannski bara við þegar það hentar þeim sem um fjallar?

Fróðleiksmolar um Hraðfrystihúsið Gunnvöru í Hnífsdal

Starfsmenn eru um 200 talsins árið um kring.

Félagið veltir um 4 milljörðum króna og greiðir starfsmönnum sínum alls um 1,3 milljarða króna í laun á ári.

HG gerir út frystiskipið Júlíus Geirmundsson ÍS-270 og ísfisktogararana Pál Pálsson ÍS-102 og Stefni ÍS-28. Afli skipanna hefur verið 11.000-12.000 tonn á ári.

Fiskvinnsla er rekin í Hnífsdal og á Ísafirði. Aðallega er unnið úr þorski, ýsu og ufsa, alls um 5.000 tonn um hráefnis á ári.

HG er umsvifamikið í þorskeldi í Álfafirði og í Seyðisfirði og rekur seiðaeldisstöð á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi í nafni Háafells ehf., sem HG á að mestu leyti. Þorskseiði eru alin á Nauteyri í fyrstu en síðan flutt til áframeldis í sjókvíum. Slátrað hefur verið allt að þúsund tonnum af eldisþorski á ári. Þriðji hver þorskur í landvinnslu HG 2009 var úr eldi og fimmti hver þorskur á árinu 2010. Starfsmenn í þorskeldi á vegum HG eru um 30 talsins og vonir standa til að eldið verði enn frekari vaxtarbroddur í starfsemi félagsins á komandi árum.

HG starfrækir niðursuðuverksmiðja Súðavík þar sem lifur úr bæði villtum fiski og eldisfiski er soðin niður. Þetta er eins konar hliðarbúgrein þorskeldisins og hefur aukist verulega að umfangi síðustu árin.

HG á um þriðjungshlut í Klofningi ehf. á Suðureyri, félagi sem er með alls fimm starfsstöðvar á Suðureyri, Ísafirði, Tálknafirði og Brjánslæk, og sérhæfir sig í nýtingu aukaafurða úr sjávarfangi (þurrkun og herslu á fiski og frystingu loðdýrafóðurs). Félagið veltir um einum milljarði króna á ári.

HG ríflega á ríflega þriðjungshlut í Icecod á Íslandi ehf., þróunar- og rannsóknafyrirtæki á sviði kynbóta í þorski og seiðaframleiðslu. HG er þar í samstarfi við HB-Granda, Stofnfisk og Hafrannsóknastofnunina.



Sjötugsafmæli HG fagnað

Mörg hundruð manns fögnuðu sjötíu ára starfsafmæli Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. um helgina. Starfsfólki, viðskiptavinum og velunnurum félagsins var boðið til hófs í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á föstudag og opið hús var hjá HG í Hnífsdal á laugardag. „Það komu fleiri hundruð manns í afmælishófið í Edinborgarhúsinu og á milli 100-200 manns komu í heimsókn á laugardag“ segir Einar Valur Kristjánsson framkvæmdastjóri HG. „Þetta tókst mjög vel og við erum afar þakklát fyrir hvað það komu margir. Það kom í ljós að fólk er frekar meðvitað um hvað við erum að gera. En þótt það vissi megindrættina þá var það hissa á mörgu, ég held þó að margir hafi ekki áttað sig á umfangi starfseminnar. Svo fengum við mikið af góðum kveðjum og við þökkum kærlega fyrir þær,“ segir Einar Valur. Meðfylgjandi myndir voru teknar í afmælishófinu í Edinborgarhúsinu.



Krotklúbbur fyrir alla á Ísafirði

Indversk máltíð

Sælkeri vikunnar býður upp á ljúffenga máltíð með hætti Indverja sem hún prófaði á dögunum. Fyrst er það kjúkl-ingaréttur með karrýívafi og því næst sætar kartöflur með engiferkeim og sósa. Katrín bendir á að eins og sjá má á uppskriftunum eru þær mjög hollar og fitulitlar. „Ég hafði salat með þessu en það er líka örugglega gott að hafa naan-brauð og hrísgrjón líka,“ segir Katrín.

Indverskur kjúklingaréttur

1 poki kjúklingabringur
2 ds hrein jógúrt eða AB
mjólk(ég notaði létt AB
mjólk)

1 lítill dós tómatur
1 msk paprikuduft
4 tsk Karrí Madras (ég notaði
bara venjulegt)

Jógúrt, tómatur og kryddi
blandað saman.
B ringurnar skornar í fjóra bita
og settar út í og látið standa í
a.m.k. 1-2 klst.

Þurrkið sósuna af bitunum og
þræðið uppá tein og grillið í ofni
eða á grilli. (Ég þurrkaði sósuna
ekki af. Ég get greinilega ekki
farið eftir uppskriftum. Hehe)

Indverskar sætar kartöflur

1 msk smátt saxaður engifer
1 stór sæt kartafla
2 gulrætur

5 döðlur saxaðar
1 msk olía
1 msk kókosolía (ég notaði
bara venjulega olíu)
1/8 tsk kanill (ég notaði aðeins
meira)
½ tsk salt
1 bolli vatn
1 lófi Kasjúhnetur (Átti þær
ekki til og notaði sesamfræ í
staðinn)

Steikið engiferinn í hálfa mín-
útu á pönnunni og skellið svo
grænmetinu á pönnuna og krydd-
ið.

Vatninu hellt yfir og látið malla
í 10 mín eða þar til að kartöflurnar
eru tilbúnar. Stráð hnetunum/
sesamfrænum yfir og berið



fram.

Salt eftir smekk

Sósa

1 hrein jógúrt eða Ab mjólk
1 hvítlauksgeir rifinn (ég hef
ca 2-3)
¼ gúrka í litlum bitum
1 msk olía (ég slepti henni)
½ msk sítrónusafi

Öllu blandað saman og látið
standa í amk 1 klst áður en
borið er fram.

Ég skora á Hrafnhildi Sör-
ensen á Ísafirði að verða næsti
sælkeri BB.

Fór á skytteri og skaut furðufisk

Skotveiðimaðurinn Hermann Hermannsson á Ísafirði fór í und-
arlegan veiðitúr með félögum
sínunum í síðustu viku. „Við fórum
nokkrir saman á bát inn í Ísa-
fjardardjúp að elta við skarf. Síð-
degis þegar farið var að dimma
vorum við staddir norður af Vigur
þar sem við dóluðum okkur og

drukku kaffi. Við vorum með
höfuðluktir og skyndilega sé eitt-
hvað glitta í ljósinu á haffletinum.
Ég dreg upp hólkin og skýt en
þegar við fórum að athuga hvað
var þarna á ferðinni kom þessi
furðufiskur í ljós,“ segir Her-
mann. Furðufiskurinn sem Her-
mann skaut er svokölluð vogmær

sem er afar sérkennilegur fiskur
í útliti. „Það undarlega við þetta
er að fiskurinn stakk höfðinu upp
úr sjónum þegar ég skaut, en
hann var engu að síður alveg
heill eftir skotið,“ segir Hermann
og bætir við. „Við skotveiðifélag-
arnir höfum verið í keppni um
skrýtnustu bráðina og þetta verð-

ur að ég held seint toppað.

Á vef Náttúrustofu Norðaust-
urlands segir að vogmær sé ein
af níu tegundum fiska af vog-
meyjarætt og sú eina af ættinni
sem finnst við Ísland. Hún verður
allt að 3 metrar að lengd en er
afar þunnvaxin. Einn langur bak-
uggi gengur eftir endilöngu bak-
inu og er hann rauður á litinn
eins og hinir örsmáu eyruggar
og kviðuggar. Sporðurinn er líka
rauður og vísar aðeins upp á við.
Sjálfr er vogmeyjan silfurgrá á
lit. Augun eru stór og munnurinn

sérstakur þar sem hann lengist
fram í trjónu þegar hann er opn-
aður.

„Í Grímsey var sú trú að ef
vogmey sem stundum er kölluð
vogmeri, ræki á land, skyldi ann-
að hvort flytja hana á haf út eða
brenna með þeim hætti að reyk-
inn legði á haf út. Ef til hvorugra
þessara ráða yrði gripið mátti
búast við skipskaða. Nú er bara
að vona að þetta gildi ekki um
vogmeyjar sem reka á land á
Tjörnesi,“ er segir á vef Náttúru-
stofu Norðausturlands.



Hermann Hermannsson og bráðin, furðufiskurinn vogmær.

Vantar þig pípara?

Tek að mér alla almenna
pípulagningavinnu,
stóra sem smáa.
Gerið verðsamanburð!

**Pórður Eysteinnsson,
pípulagningameistari,
Tangagötu 26 · Ísafirði
sími 895 0485**



Kómedíuleikhúsið



Kómedíuleikhúsið
Miðasölusími: 450 5565

Síðasti dagur Sveins skotta

04. jan. fös. kl. 20	Edinbergshúsið
05. jan. lau. kl. 20	Edinbergshúsið
06. jan. sunn. kl. 20	Edinbergshúsið
07. jan. fös. kl. 20	Tjörnesið
08. jan. lau. kl. 20	Tjörnesið
09. jan. sunn. kl. 20	Tjörnesið

Vestfirskur skáldskapur á 57 mínútum

4. feb. fös. kl. 20	Arnardal
5. feb. lau. kl. 20	Arnardal
11. feb. fös. kl. 20	Arnardal
12. feb. lau. kl. 20	Arnardal
17. feb. fim. kl. 20	Arnardal
18. feb. fös. kl. 20	Arnardal



24–48% verðmunnur

á daggjöldum bílaleigubíla til ríkisfyrirtækja og stofnana

AVIS er ódýrari í öllum bílaflokkum

AVIS og Bílaleiga Akureyrar eru með rammasamning við Ríkiskaup um bílaleigubíla til ríkisfyrirtækja og stofnana.

Þjónusta AVIS er hröð og sveigjanleg, afgreiðsluferlið einfalt og þægilegt, og verðið allt að 48% lægra hjá AVIS.

Við hvetjum ríkisfyrirtæki og stofnanir til að fara vel með almannafé.

AVIS er allt að 48% ódýrari
– beinið viðskiptunum til AVIS

www.avis.is • Sími 591 4000



Við gerum betur